

Námsgrein: Áhugasvið/Skák

6. og 7. bekkur

Kennari: Egill Páll Egilsson

Tímafjöldi á viku: 1 klukkustun á viku í 10 vikur.

Námsefni: Efni frá kennara, þrauta- og verkefnablöð

Kennsluaðferðir og skipulag: Innlögn kennara, umræður, samvinna, einstaklingsvinna og námsleikir. Í tímum er lögð áhersla á þátttöku, samvinnu, virðingu og umræður.

Námsmat: Símat/Leiðsagnarmat. Unnin verða ýmis konar verkefni og þrautir. Þátttaka og virkni í kennslustundum er einnig metin. Mat hæfniviðmiða birt á Mentor jafnóðum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersla er lögð á:
Læsi	Að nemendur læri að lesa og túlka stöður, skilja tákn og hugtök í skák. Að nemendur læri gagnalæsi og táknlæsisþjálfun í gegnum skákborð og leikfléttur.
Sjálfbærni	Að nemendur læri að hugsa fram í tímann og meta afleiðingar gjörða sinna. Að nemendur getir sýnt ábyrga hegðun og ígrundun um ákvarðanir og áhrif þeirra.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur efli einbeitingu, sjálfsaga og andlega vellíðan. Að nemendur þjálfist í að takast á við áskoranir, halda ró og sýna þolinmæði.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur geti aðstoðað hvorn annan ef þess er þörf og beri virðingu fyrir skoðunum hvors annars. Að nemendur læri að virða reglur, taka þátt í keppni og sýna kurteisi. Að nemendur taki virkan þátt, sýni sanngirni og virðingu í samskiptum og leik.
Jafnrétti	Að nemendum sé mætt á jafningjagrundvelli hverju sinni. Að virðing sé borin fyrir fjölbreytileika og jöfnum tækifærum í leik og samvinnu.
Sköpun	Að nemendur fái tækifæri til að koma með hugmyndir að verkefnum. Að nemendur geti búið til eigin skákþrautir, byrjanir og skákborð.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

	Viðfangsefni
Vika 1 - Kynning	Hvað er skák? Saga og tilgangur. Hvað kunna nemendur? Hvað vilja þeir læra? Taflmenn og skákborð, raðað upp og prófað.
Vika 2 – Reglur og hreyfingar	Hreyfingar allra taflmanna kenndar. Einfaldar æfingar í pörum.
Vika 3 – Skák og mát	Hvað er skák? Hvað er mát? Nemendur leysa einfaldar mátstöður.
Vika 4 – Byrjanir og taktík	Algengar byrjanir (einfaldar). Helstu hugtök útskýrð og unnið með þau á skákborðinu.
Vika 5 – Þrautalausnir	Lausn skákþrauta í hópum. Nemendur búa til eigin þrautir.
Vika 6 – Skák og siðferði	Virðing, kurteisi og sanngirni. Hvernig töpum við með reisn? Farið yfir mikilvægi framkomu í skák.
Vika 7 – Æfingar og leikur	Frjáls taflmennska. Kennari fylgist með og leiðbeinir.
Vika 8 – Hópverkefni	Nemendur búa til skákborð, taflmenn eða skákreglubækling.
Vika 9 – Skákkeppni	Nemendur skipuleggja innbyrðis skákkeppni undir leiðsögn kennara.
Vika 10 –Ígrundun	Hvað lærði ég? Hvað fannst mér skemmtilegt? Sjálfsmat og hópaspjall.
Hæfniviðmið	
Tillitssemi: brugðist við upplýsingum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða, Sjálfstæði: sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, Samvinna: unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi, Samstarf: gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og lagt sitt af mörkum, Leiðsögn: nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum. Árangur og sjálfspekking: sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf.	